



Skólafundur

10. mars 2023

Mötuneyti og félagslíf
- draumsýn nemenda -

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

I. Fyrirmæli vegna skólsafundarins 10. mars 2023

Kæru kennarar í FB

Á morgun, föstudag er skólafundur í tímanum sem hefst kl. 9:50. Fundurinn er haldinn í stofum undir verkstjórn kennara.

Að þessu sinni langar okkur að biðja nemendur að ræða tvö málefni: mötuneyti nemenda og félagslífið. Hópurinn getur ýmist rætt bæði málefnin eða annað. Hægt er að vinna með allan hópinn, eða skipta honum á milli umræðuefna. Gefin er ein klst. í umræður og skil á niðurstöðum. Vil ég hetja til þess að beina sjónum að möguleikum og tækifærum þegar niðurstöður eru settar fram. Mikilvægt er að niðurstöður séu í samfelldu máli, ekki upptalning atriða.

Niðurstöðum bekkjarins skal skilað til skólameistara á netfangið ghg@fb.is, merkt stofu og kennara.

Til nemenda:

Kæru nemendur í FB. Á skólafundi gefst nemendum tækifæri til að ræða um mikilvæg málefni innan skólans og koma skoðun sinni á framfæri til skólastjórnenda. Niðurstöður eru birtar í skýrslu um skólafund og hafðar til hliðsjónar þegar ákvarðanir eru teknar. Það eru tvö málefni sem okkur langar að heyra skoðun ykkar á í dag. Við viljum biðja ykkur að ræða þau (annað eða bæði) og skila inn niðurstöðum að lokinni umræðu. Niðurstaða umræðu um hvort málefni fyrir sig á að vera texti í samfelldu máli, þannig að þið setjið upp heildarmynd eða lýsingu á ástandi sem væri draumsýn ykkar.

1. Hver er draumsýn okkar um mötuneyti nemenda í FB?

Skólinn er að taka yfir rekstur mötuneytisins og það er mikilvægt að heyra óskir nemenda um það hvernig mötuneytið gæti verið. Reynið að vera raunsæ og jákvæð, þannig að skilaboðin verði sem nytsamlegust fyrir okkur öll.

2. Hver er draumur okkar um félagslíf nemenda í FB?

Gott félagslíf er límið í skólastarfinu. Hvernig mætti það líta út, þannig að allir vilji vera með? Hvað væri í gangi, hvenær og hvernig? Hvaða tíma dagsins ætti að nýta í félagslíf? Hvernig ætti samspil náms, kennslu og félagslífs að vera? Hvernig mætti styrkja sýnileika skólans í gegnum félagslífið?

Með bestu kveðju og gangi ykkur vel,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari

II. Niðurstöður skólafundarins 10. mars 2023

Stofa 201 Andrea Jónsdóttir

Mötuneyti

Nemendur lögðu til "betri hafragraut" og þar var helst að nefna að grauturinn væri of þunnur, þau vilja hafa hann þykkari. Einnig að boðið yrði upp á kanilsykur. Þeim fannst gott að eiga möguleika á graut í frímínúntum kl. 9:30-9:50.

Nemendur vilja eiga möguleika á ávöxtum, ókeypis eða greiða smávegis fyrir. Nemendur vilja meira úrval af drykkjum í boði, til dæmis orkudrykki. Þau sögðu lang flesta drekka orkudrykki og þurfa því að eyða frímínúntunum sínum í að fara út í búð til þess að kaupa drykkina. Hér komu upp nöfnin Collab og Fins.

Lagt var til sjálfsala þar sem hægt væri að kaupa sér hollan bita. Til dæmis samlokur/ávexti/mjólk/ávaxtasafa. Lagt var til mathöll með stöðum á borð við Subway, KFC, Sperro. Gott framboð af samlokum.

Félagslíf

Nefnt var paintball og spila blak í íþróttahúsinu. Einhverjir nefndu að þeir hefðu ekki áhuga á félagslífinu eða gætu sótt það annars staðar en í skólanum.

Stofa World Class Jóhann Arnarson og Halldóra Björnsdóttir

Mötuneytið

Fleiri drykki. Maturinn fínn, lækka verðið á heita matnum - margir taka undir þetta. Meira val á drykkjum. Bragðmeiri mat. Góð tilbreyting að hafa í boði hafragraut og ávexti. Meiri fjölbreytni og hafa hollari kosti. Hafa skyrdrykki, skyr og fleira í boði. Bæta kaffidrykkina.

Félagslífið

Fleiri böll. Bæta tengslanet. Fleiri viðburði. Bingó. Útskriftarhátíð. Mætti bæta forvarnir gagnvart pikki og poti. Einum sem finnst hann ekki séður eða hunsaður af einhverjum kennurum - réttlætisfræði. Betra framboð fyrir sæludaga, mætti hafa fleiri valmöguleika. Meira í boði í vali - nám og sæludagar. Íþróttamót - badminton mót, fótbolta mót o.s.frv. Bæta við viðburði á haustönn. Nemendur fái að velja meira og nemendur fái vettvang til

að segja það sem þeim finnst. Nemendum líður vel í skólanum og námið skemmtilegt. Mætti hafa fleiri skipulagðar ferðir, fara lengra en á höfuðborgarsvæðið. Leikhús, leikhús sem tengist náminu. Heimsókn í félagsmiðstöðvar. Fara í fyrirtæki og skoða starfsmöguleika. Kynnast nemendum í öðrum skólum.

Stofa 303

Svana Björk Hjartardóttir

Mötuneytið

Við myndum vilja sjá góðan og fjölbreyttan mat sem eru hæfilegir skammtar á sanngjörnu verði.

Matseðill. Það væri frábært ef hægt væri að vera með skipulagðan matseðil fram í tímann og setja hann inn á heimasíðuna á föstudegi fyrir komandi viku. Þá geta nemendur skipulagt sig.

Hreinlæti verður að vera áberandi. Fólk er ekki að meðhöndla pening og mat í sömu hönskunum. Ef það eru ekki notaðir hanskar verður að þvo hendurnar á milli þess sem meðhöndlaður er matur og eitthvað annað. Það má alveg sýna þeim sem eru að kaupa sér mat þegar verið er að þvo hendurnar.

Fjölbreytni í mataræði. Það hefur verið áberandi undanfarið að það er t.d. alltaf grjónagrautur á föstudögum, væri gaman að fá fjölbreyttari mat. Bjóða upp á fisk td. 2x í viku, amk. 1x í viku.

Að sýna samstarfsfólki sínu innan eldhússins virðingu og kurteisi er mjög mikilvægt. Við höfum allt of oft orðið varar við skæting og hreytingar á milli starfsfólks sem er að vinna í eldhúsinu. Það er mjög leiðinlegt að horfa upp á og andrúmsloftið smitar alveg svakalega út frá sér. Einnig er að sjálfsögðu mikilvægt að setja upp sparibrosið og þjónustulundina þegar verið er að versla við þau.

Það er frekar glatað að þekkja costco vörurnar í sjón og reikna út mjög mikla álagningu. Stundum er maður „tilneyddur“ til að kaupa sér að borða í frímínútum t.d. vegna þess að maður er mjög svangur og gleymdi nesti. Þá er frekar fúlt að kaupa eitthvað smotteri vitandi að það er um helmingi ódýrara annars staðar.

Á síðastliðnu ári hefur mötuneytið farið úr því að vera mjög gott og margar okkar borðuðu þar daglega í það að vera komið niður í svaðið. Eftir því sem maturinn versnaði og þjónustan varð lélegri hækkaði verðið og skammtarnir minnkuðu. Það er mjög skiljanlegt að verðið hækki og við værum til í að borga meira fyrir matinn eins og hann var fyrir 1 – 1 og hálfu ári síðan þar sem hann var mjög góður og það var gjarnan kristall innifalinn. Núna var máltíðin farin að kosta 1250 kr. sem í sjálfu sér er ekki dýrt en maður vill að sjálfsögðu fá góðan mat fyrir.

Stofa 901
Hanna Lára Gylfadóttir

Mötuneyti

Nemendur sækja ekki mikið mötuneyti skólans. Koma frekar með nesti eða kaupa út í búð. Almenn ánægja með kaffistofuna í Smiðjunni en mætti bjóða upp á meira úrval af drykkjum (bara Collab) þar.

Félagslíf

Nemendur sammála að þeir séu of gamlir eða uppteknir til að stunda félagslíf FB. Orðrétt tilvitnum: „Við erum orðnir svo gamlir að við gerum ekkert með skólanum ... annað en að smíða“. Einn mætir á LAN en annars er ekkert annað sem nemendur sækja. Nemendur sækja félagslíf til vana og utan skóla, sumir fara á böll með vinum í öðrum skólum.

Stofa 351
Kristín Reynisdóttir

Mötuneytið

Við myndum vilja bætt vegan úrval af vörum og að það væri alltaf vegan valkostur af heita matnum fyrir þá sem eru vegan, grænmetisætur og mjólkurþol.

Það er oft fullsetið í hádeginu svo fleiri sæti kæmu sér vel. Gott væri ef verðinu gæti verið haldið niðri.

Betri matur sem maður langar að borða, ódýrari matur sem gefur fólki ástæðu að kaupa mat hér. Mötuneytið er of opið, óskar að setja upp skilrúm á milli borða og búa til litlar einingar, of mikill hávaði sem truflar.

Ódýrari mat, hollari valmöguleika, meira sem er vegan, mat höll, vending machines

Félagslífið

Við myndum vilja fleiri böll. Gott væri að fá einingar fyrir þátttöku í félagslífinu, þá er maður væri skráður í klúbb og mætti fengið maður einingar. Fjölbreyttari klúbbar og félagsviðburðir væri skemmtilegt. Valáfangi eða klúbbur sem er dýrasálfræði (hvolpar, kettlingar og annað).

Hvíldar herbergi. Spil/boardgame herbergi. Lengri hádegismat/pásur. Matreiðsluhópur sem hittist og eldar saman einu sinni í viku eftir skóla. Kvikmyndahópur sem hittist og

horfir á myndir saman í skólanum, fer í bíó og gerir stuttmyndir saman. Garðyrkjuhópur sem myndir rækta grænmeti saman svo setja þyrfti upp gróðurhús við skólann.

Aðgengi að félagsklúbbum og félagslífi væri skýrt, upplýsingar á sjónvörpum, eða heimasíðu skólans, tölvupóstur með samantekt af klúbbum og viðburðum.

Stofa Fab Lab **Heimir Jónsson**

Mötuneytið

Okkar draumsýn fyrir framtíðar mötuneyti FB er fyrst og fremst að mötuneytið bjóði upp á holla og næringarríka fæðu. Maturinn sem yrði boðið upp á myndi snerta allar sneiðar fæðuhringsins. Taka ætti tillit til þeirra nemenda sem eru að huga að mataræðinu eða hafa óþol fyrir mat. Sem dæmi væri hægt að bjóða upp á glútenlaust, vegan eða ketó fæði. Mötuneytið myndi þá bjóða bæði upp á máltíðir sem og léttar veitingar, eins og samlokur sem myndu einnig sýna tillit til fyrr nefndu mataræði. Mikill plús væri ef að kaffið væri frítt. Okkur þykir mikilvægt að það ríki góður starfsandi í mötuneytinu og að starfsfólkið veiti hlýjar móttökur og sýni fram á hreinlæti í starfi sínu.

Við fengum þá hugmynd að sniðugt væri að hafa skráningu í mat og gera pantanir út frá því svo að mötuneytið gæti um leið stuðlað að minni matarsóun. Eins væri hægt að kaupa matarmiða sem væri útfært á þann hátt að einstaklingur myndi kaupa 10 stykki sem yrði ódýrara heldur en að kaupa 1 stykki 10 sinnum.

Varðandi útlit á mötuneytinu sjálfu þá finnst okkur oft vera þröngt, óþægilegt að komast á milli borða til að finna sæti og oft er maður alveg upp við manneskjuna fyrir aftan sig. Hægt væri því að breyta uppdrögun á borðunum til að búa til meira pláss.

Við fengum nokkrar hugmyndir um máltíðir sem hægt væri að bjóða upp á: Grænmetispottréttir, Indverskur matur, Pasta. Smámál: Beyglur, Egg, Möndlupakkar, Flatkökur, Ávextir og grænmeti.

Okkur þykir vænt um að fá að koma með hugmyndir um nýja mötuneytið, mjög hugulsamt af skólans hönd.

Stofa 353 **Salóme Huld Garðarsdóttir**

Mötuneytið

Minna af unnum matvælum. Ávextir og grænmeti í boði fyrir alla. Hafa tvær vatnsstöðvar inn í matsal. Meira af hollum mat, ekki mikið að sætmeti, oftar fisk í matinn.

Hafa sér að kaupa mat og annað til að kaupa bakarísmat. Meira úrval og fjölbreyttari matur.

Félagslífið

Hafa valáfanga sem heitir félagslíf þar sem þú hittir aðra nemendur og þið talið saman. Hafa meira en böll í boði. Fara meira í ferðir t.d. með rútu. Vera með fjör í hádeginu. Reyna að draga úr símanotkun. Hafa líka viðburði um helgar.

Stofa 305 Fanney Dögg Ólafsdóttir

Mötuneyti

Hafa meira úrval af drykkjum og sykurlausum orkudrykkjum. Meira úrval í hollari snarli sem auðvelt er að grípa í eins og t.d hnetur, próteinstykki, skyr, hleðsla, skvísuÓr og niðurskorna ávexti í boxum eins og t.d melónur o.þ.h Hafa meira úrval af ávöxtum, einnig fjölbreyttara úrval fyrir þá sem eru vegan. Heilkornasamlökur með góðu kjötáleggi og grænmeti sem eru matarmiklar. Sallat bar með grænmeti, eggjum, kjúkling, hnetum og góðri dressingu. Betra aðgengi í mötuneyti og hraðari afgreiðsla (fleira starfsfólk) svo hádegishléið fari ekki allt í að standa í röð – kannski tvískipta afgreiðslu annað fyrir heitan mat og hitt fyrir „sjoppu“

Félagslíf

Nemendur á snyrtifræðibraut eru allar 18 ára eða eldri – margar komnar yfir tvítugt og hafa því hvorutveggja litla þörf né lítinn áhuga á að nýta sér félagslífið. Það var því litlar upplýsingar að fá frá mínum nemendum um þessi málefni.

Stofa 112 Jóhanna Bárðardóttir

Mötuneytið

Þegar nemendur ræddu hver draumsýn þeirra væri um mötuneytið í skólanum voru allir sammála um að verðið þyrfti að vera sanngjarnt og viðráðanlegt, bjóða ætti áfram uppá hafragraut á morgnana og eitthvað þyrfti að gera til að raðirnar væru styttri í hádeginu. Til að stytta raðir nefndu þeir að hægt væri að fjölga afgreiðslufólki, maturinn gæti verið tilbúinn fyrr og vera svo með gott úrval af öðru en heita matnum fyrir þá sem vildu fá sér eitthvað annað. Þá væri hægt að skipta röðinni upp betur, þeir sem vildu fá sér grænmetisrétti, samlokur eða eitthvað slíkt gætu farið í eina röð á meðan þeir sem vildu fá sér heitan mat færu í aðra röð.

Nemendum fannst mikilvægt að bjóða uppá gott úrval matar og drykkja til að spara sporin og þeir gætu fækkað ferðum í Bónus eða Hraunberg. Þegar þeir voru spurðir að því hvað þeim fyndist vera gott úrval töluðu þeir mest um hamborgara og steik og bernaise. Eins fannst þeim góð hugmynd að vera jafnvel með sjálfsala fyrir samlokur og aðra smárétti til að geta gripið í þegar hentaði. Þeim fannst líka frábær hugmynd að bjóða upp á eftirrétt á ákveðnum dögum, t.d. föstudögum.

Skammtastærðin var nemendum hagleikin. Þeim fannst skálarnar fyrir hafragrautinn á morgnana of litlar og vildu líka sjá stærri skammta í hádeginu. Þeir voru sammála um það að skammtarnir í hádeginu væru fremur litlir og oft væri gott að geta fengið smá ábót án þess endilega að þurfa að greiða fullt verð fyrir það. [innsk. kennara: Ég þekki ekki nákvæmlega hvernig hefðin hefur verið hingað til, en ég hef mikla reynslu af mötuneytismat á stórum vinnustað. Þar er alltaf boðið uppá súpu og brauð líka, það er ódýrt og góð leið til að nýta afganga. Þar er líka salatbar, niðurskorið grænmeti, túnfiskur, einhver salöt (t.d. kartöflusalat eða baunasalat), einfaldir pastaréttir án kjöts, einnig hægt að nýta salatbar til að bjóða uppá afganga og minnka þ.a.l. matarsóun. Persónulega finnst mér ekki endilega skynsamlegt að stækka skammta, bjóða fremur uppá ábót gegn vægu gjaldi. Súpan og brauðið koma fólki líka oft langt út í daginn og seðjir mesta hungrið svo minni skammtastærðir af heita matnum myndu duga allflestum.]

Félagslíf nemenda

Þegar umræðan um félagslífið var tekin var aðalatriðið að halda fleiri böll og ekki bara fjölga böllunum, heldur halda böll með öðrum skólum. Nemendur virtust langsamlega spenntastir fyrir því. Annars var talað um að gaman væri að bjóða uppá viðburði í hádeginu öðru hvoru til að njóta, borða og sitja með vinum og félögum í góðu tómi. Upp kom sú hugmynd að standa fyrir kappáti, það gæti verið mikil skemmtun. Svo ræddu þeir líka að það gæti verið flott að vera með kynfræðslukvöld. Á milli hlátraskalla nemenda náði kennari að styðja þessa hugmynd og talaði um ágæti góðrar kynfræðslu og mikilvægi þess að geta spurt og fengið heiðarleg svör við fyrirspurnum varðandi þau málefni er tengjast kynlífi og líkamanum okkar. Nemendur voru sammála því að það væri mikilvægt og fannst þetta afbragðsgóð hugmynd.

Stofa 301

Guðrún Diljá Baldvinsdóttir

Mötuneytið

Miklar og líflegar samræður urðu til þegar rætt var um mötuneytið í skólanum. Þær breytingar sem stelpurnar vilja sjá eru 3-4 nýja öfluga örbylgjuofna því þessir sem eru til staðar eru ekki að hita vel, tekur hátt upp í 10 mínútur að hita kjúkling sem dæmi. Þær vilja sjá grill svo hægt sé að koma með samlokur í skólann, fleiri tegundir af

koffíndrykkjum, hafa meira samræmi í verðum þá sérstaklega rúnstykki. Henda gömlum mat því stundum er maturinn orðinn þurr og osturinn harður, þau sem vinna í mötuneytinu séu í hönskum þegar þau afgreiða mat og geyma rúnstykkin þar sem ekki er hægt að hósta yfir, smurði maturinn má vera geymdur í lokaðri hillu. Hafa verðlista á netinu og í mötuneytinu. Halda í gleðina og hafa meira bakkelsi t.d snúða með súkkulaði, kleinuhringir og annað gott😊

Stofa 38 Hildur Gróa Gunnarsdóttir

Mötuneyti nemenda

Okkar draumsýn er að í mötuneytinu sé sanngjarnt verðlag. Að það sé ekki dýrara en í nærliggjandi sjoppum/búðum. Að hægt sé að velja mismunandi stóra skammta af mat/meðlæti og rukkað sé miðað við það sem keypt er. Það væri gaman að hafa klakavél, það myndi hvetja til þess að nemendur drykkju meira af vatni. Það væri æskilegt að hafa gott úrval af drykkjum og nýjum, ferskum, samlokum á sanngjörnu verði. Sumir nemendur kjósa örugglega að geta keypt heitan eldaðan mat. Sniðugt væri að gera könnun í skólanum hversu margir nemendur eru vegan eða grænmetisætur og móta framboðið eftir því. Það mætti þá líka kanna hversu margir hafa áhuga á að kaupa heitan mat og hvort þeir myndu gera það á hverjum degi eða hvort nóg væri að hafa heitan mat 2-3 sinnum í viku.

Í mötuneytissalnum mætti vera örlítið hlýrra og hlýlegra og þægilegri stólar.

Félagslíf nemenda

Við teljum að það mætti bæta félagslífið með því að vinna meira af hópverkefnum í tímum svo nemendur kynnist betur. Að öðru leyti teljum við félagslífið í skólanum í lagi eins og það er, þeir sem hafa áhuga á að taka þátt gera það en það eru ekki allir sem vilja stunda mikið félagslíf, böll eða annað í tengslum við skólann og það er allt í lagi. En ef það er markmið skólans að reyna að fá alla til að vera með þá væri líklega besta leiðin að meta þátttöku í félagsstarfi til eininga og/eða hafa oftari uppbrotsdaga eins og sæludaga. Það eru mjög margir að vinna með skólanum svo til að tryggja þátttöku þarf félagsstarfið að mestu að falla inn í skólastarfið. Einstaka brautir gætu aukið sýnileika sinn með því að skipuleggja viðburði, t.d. íþróttabraut íþróttkeppnir/mót og tölvubrautin rafíþróttamót og/eða kóðunarkeppnir innan skólans. Aðstaðan í Nemó er góð fyrir þá sem vilja kynnast öðrum og spjalla. Það mætti ef til vill bæta félagslífið með því gefa nemendum tækifæri til að kynnast betur t.d. með því að ná fram meiri bekkjarstemmningu í hópum með því að hafa umsjónahópa/bekki sem fylgdust að alla skólagönguna og hittust reglulega.

Stofa 356

Guðrún Halldóra Sigurðardóttir

Mötuneyti nemenda

Nemendur óska eftir því að það verði seldir Nocco orkudrykkir. Það er nú þegar selt Collab (orkudrykkur) og kaffi þannig að sala á koffíndrykkjum er nú þegar leyfð. Fæstir nemenda drekka kaffi þannig að þau óska eftir fjölbreyttara framboði orkudrykkja. Bakkelsið mætti vera ferskara, var þurrt og hart. Það væri góð hugmynd að bjóða upp á take-away box ef nemendur vilja kaupa mat en borða hann annarsstaðar eða síðar. Nemendur í þessum hóp hafa ekki verið að kaupa sér mat í mötuneytinu. Þau fara í sjoppu eða búð og þau sem búa í hverfinu fara oft heim í mat.

Félagslíf

Gott væri að hafa fleiri staði í skólanum til að sitja saman í hópum, sófa, stóla og borð. Það væri flott að hafa aðstöðu í svipuðum dúr og gömlu Undirheima þar sem hægt væri að halda tónleika og viðburði. Eitthvað hæfilega hrátt og ekki of bjart.

Stofa 18

Hrefna Hugadóttir

Mötuneytið

Bjóða upp á mat fyrir nemendur með mjólkur óþol. Fjölbreyttari mat. Hafa meira af drykkjum-hollari drykki. Sódavatn-Flórídasafa. Vantar meira úrval af snarli t.d. hollustu snakk, boozt, fisk, kjöt og pasta. Matseðill settur inn á föstudögum. Ekki hafa matinn dýrari en 1000 kr. Hafa spilahorn í matsalnum. Vantar kósý stemmningu. Ekki nóg skipulag á röðinni eftir matnum. Vantar fleiri grill og örbylgjuofna. Sósar séu hafðar á sér borði.

Félagslífið

Vantar fleiri klúbba (spilaklúbbur, föndurklúbbur, matarklúbbur, plöntuklúbbur). Vantar betri aðstöðu fyrir klúbba. Vantar fleiri sófa í miðrými, borðtennis, spila tónlist í frímínútum. Tónlist alla föstudaga í matsal og/eða hafa dans, karaoke. Kósýkvöld eftir skóla einu sinni í viku í matsalnum. Hægt að hafa bíó og hafa matsöluna opna. Fleiri böll.

Stofa 36

Hlíf Árnadóttir

Mötuneytið

Okkur finnst mikilvægt að maturinn sé ekki dýr. Ef hann kostar mikið viljum við frekar fara í Bónus eða koma með mat að heiman. Eins finnst okkur að kaffi ætti að vera frítt.

Okkur fyndist að mötuneytið ætti ekki að vera rekið með gróða, heldur ætti maturinn að vera sem næst kostnaðarverði. Það væri frábært að fá mat eins og á Wok on. Við erum ánægð með hafragrautinn. Það væri gaman að það væri eitthvað gott í boði á föstudögum eins og snúðar og að það væri meira úrval af nammi til sölu.

Félagslífið

Sæludagar þurfa að vera á hverri önn, jafnvel oftar. Félagslífið mætti bæta þannig að það væru fleiri dagskrárliðir í boði, viðburðir fyrir utan skólann. Það væri hægt að búa til fleiri klúbba í kringum áhugamál, til dæmis væri gaman að hafa íþróttaklúbb þar sem þau sem vilja hittist í þeim íþróttum sem þau hafa áhuga á og skemmta sér saman. Böllin mega gjarnan vera með öðrum skólum og það mætti auglýsa alla viðburði í félagslífinu betur svo að allir viti af þeim.

Stofa 22

Kristín Guðrún Jónsdóttir

Mötuneyti FB

Mötuneyti er mjög mikilvægt fyrir marga nemendur þar sem ekki allir hafa tök á því að fara út í sjoppu eða jafnvel koma með nesti að heiman. Nemendum finnst verðið of dýrt, sérstaklega upp á síðkastið. Nemendur fara því frekar út í Iceland eða Hraunberg og kaupa sér eitthvað „subbulegt“. Vantar meira úrval af sætabrauði og sætindum sem er hægt að gleypa í sig. Vantar fleira úrval sem er aðgengilegt fyrir nemendur sem eru lengi í skólanum. Gott að bjóða upp á heita máltíð, en vantar líka eitthvað „snarl“. Þeim finnst skólinn ekki eiga að vera skipta sér af því hvort nemendur borði hollt eða ekki. Mætti alltaf bjóða upp á ávexti (ekki epli því þau verða svo brún), en hafa þau í mötuneytinu, ekki þar sem allir eru að káfa á þeim. Væri hægt að hafa það frítt eða rukka kannski 100kr. Hópurinn vill sjá meira úrval af Collab og segir að það verði að verðleggja hlutina rétt (t.d. þegar Collab kostar 280kr en Poweraid 400kr þá kaupa þau frekar Collab).

Passa þarf að hafa nóg framboð af öllu, því oft voru hlutirnir búnir í hádeginu.

Starfsfólkið þarf að koma fram af virðingu við nemendur og virða tíma þeirra þar sem 40 mín eru mjög fljótar að líða. Mikilvægt er að hafa matinn tilbúinn á réttum tíma og láta röðina ganga hratt og vel fyrir sig. Einnig mætti hafa fleiri ruslatunnur og passa að nemendur gangi frá eftir sig.

Þeir nemendur sem koma með nesti segja að það taki því varla að koma með eitthvað sem þarf að hita því röðin í t.d. örbylgjuofnin er mjög löng og nú er búin að taka samlokugrillið. Samt þegar það var þá tók að hita eina samloku mjög langan tíma. Eins mætti vera staður þar sem nemendur hafa aðgengi að heitu vatni til að hita t.d. núðlur. Gott væri að hafa diska og hnífapör hjá sjálfsafgreiðslustöðinni.

Þeim fannst uppröðunin í matsalum betri eins og hún var, þessi langborð eru ekki að nýtast nógu vel. Var betra þegar þetta voru fleiri minni borð saman og hafa lengra á milli þeirra. Nemendur setja töskurnar á gólfið sem skapar mikla slysaættu. Mikið af stólbökunum eru brotin og stólarnir eru yfir höfuð lélegir. Passa þarf að vera ekki sífellt að breyta salnum þar sem það erfiðar aðgengi fyrir t.d blinda mjög mikið. Gott væri að auglýsa matseðilinn betur, t.d með því að nýta skjáina og setja „post“ á Instagram (ekki alltaf story) og gera það jafnvel daglega. Væri einnig gott að tengja þessa „posta“ við Facebook.

Félagslíf FB

Gott að hafa hópefli í upphafi annar og mætti þess vegna vera meira þannig uppbrot yfir önnina. Passa þarf að böllin í skólanum séu ekki á sama tíma og aðrir skólar. Ekki gott að halda böll í skólanum, margir sem fóru snemma og varð þetta orðið ansi vandræðalegt í lokin.

Nemendaráðið þarf að passa að gera hlutina ekki persónulega og láta sína skoðun ráða t.d með hverjum við höldum böll eða hvar við höldum þau. Taka þarf tillit til þess að t.d nýnemar hafa ekki farið á ball á einum ákveðnum stað þó svo skólinn hafi verið þar nokkrum sinnum.

Nemendur vilja ekki hafa viðburði í hádeginu, þetta er þeirra tími til að hitta vini og vilja helst ekki hafa neina truflun á meðan. Gott væri að hafa eitt sameiginlegt gat í stundatöflunni þar sem nemendur geta nýtt tímann í viðburði, að læra eða jafnvel kynnast nýju fólki. Mætti samt vera opið inn í fleiri stofur í hádeginu þar sem væri boðið upp á eitthvað eins og er í stofu 22 (skák). Ef hádegishléið yrði lengt í 60min þá myndu nemendur eflaust bara vera lengur að borða. En aftur á móti gætu þau nýtt tímann til að fara eitthvað með vinum að borða. T.d bara að labba í Bónus tekur 30min og þá er ansi lítill tími eftir. Gæti verið sniðugt að hafa t.d bara lengri matarhlé á miðvikudögum (MS er t.d með það þannig).

Gæti verið gott að virkja nemendahópin til að skipuleggja viðburðina (þó svo það hafi verið reynt). Nemendur þurfa að eiga vini í skólanum til að mæta á viðburði og því er mikilvægt að láta hópana þekkjast betur. Einnig þarf að passa samsetninguna á Umsjón, ekki gott að blanda t.d tölvubraut og snyrtibraut (væri betra að hafa rafvirkjabrautina).

Stofa 35

Sigríður Anna Ólafsdóttir

Mötuneyti

Í mötuneytinu mætti selja orkudrykki, ódýran og hollan mat. Það væri gaman að hafa þema í hádegismatnum, fjölbreyttari matseðil og lengri hádegismat. Við myndum vilja sjá kaffibar þar sem í boði væru ýmsar tegundir af kaffi, sírópi, klakar og ýmsar mjólkurtegundir. Það væri einnig gott að hafa sjálfsala. Starfsmenn í mötuneyti þurfa að

vita hvað þeir eru að gera, kunna á kerfið, matinn og okkur ;-). Það væri gott að hafa betra aðgengi að vatni, t.d. fleiri vatnsbrunna eða vatnskönnur á borðunum.

Félagslífið

Við viljum halda böllin með öðrum skólum og alls ekki hafa þau í skólunum. Við viljum hafa þau í söllum eða á stöðum úti í bæ. Kjósa meðlimi í nefndir eins og gert er í öðrum skólum. Það má leggja meiri metnað í vinninga þegar þeir eru í boði, þannig að fleiri vilji taka þátt. Það væri gaman að hafa FB-blað, þetta gæti verið áfangi og þeir sem væri í honum fengju einingar. Hafa fleiri viðburði í t.d. hádeginu. Fá tónlistarfólk, uppistandara, ís, krap, candyfloss og fleira. Fleiri íþróttamót. Við myndum vilja sjá einn tíma fyrir hádegi eða eftir hádegi í viku lausan fyrir viðburði, heimanám og svo gætu kennarar verið í stofum og boðið upp á aukaaðstoð. Fyrir böll ættum við að geta haft áhrif á það hverjir spila með kosningu.

Annað sem okkur langar að bæta við og koma á framfæri:

Okkur finnst mikilvægt að geta fengið leyfi í einum og einum tíma til þess að geta farið til læknis, í tannréttingar ofl. Svo finnst okkur ósanngjarnt að einn námsþáttur eins og próf eða verkefni geti haft þau áhrif að við föllum í áfanganum. Það ætti að vera þannig að samlögð einkunn væri 4,5. Það þarf að hugsa betur um fiskana okkar. Þeir þurfa stærri tjörn og meiri ást.

Stofa Smiðja
Kristmann Magnússon

Mötuneytið

Nemendur í tíma nýta almennt ekki mötuneyti nemenda á meðan þeir eru að mestu úti í smiðju sökum fjarlægðar þar sem mikill tími fer í að flakka á milli húsa og þannig er matartíminn að mestu horfinn. Almennt er notkunin ekki mikil þrátt fyrir að þeir séu í aðal byggingu. Nemendur vilja fá útibú mötuneytis út í smiðju og halda verðum í hófi. Það sem hefur haft mikil áhrif á neyslu nemenda hefur verið frekar ógirnilegur matur að þeirra mati undanfarið. Gott væri að hafa fría ávexti eða hafa þá mjög verðhófsstillta. Gott væri að hafa graut á morgnanna í smiðjunni. Varðand úrval mats þá er óskað eftir fjölbreyttum og hefðbundnum heimilismat eins og til dæmis kjötbollur, kjötsúpu, núðlur, pasta, kjötrétt, kjúklingur og fleira, orkupörf er mikil hjá nemendum. Mikilvægt er að verðmunur á milli Bónus og skóla sé sem minnstur.

Félagslífið

Nemendur óska eftir að taka upp busun að nýju að takmökðu magni. Mikill aldursmismunur er á milli nemenda, oft ekki auðvelt að koma mismunandi aldurshópum saman í samræður. Stækka mætti nemendaaðstöðu ótengda mataraðstöðu með góðum sófum og stólum. Stofna mætti myndbandsupptökunefnd, nemendur fái aðstöðu og

fjármagn til myndbandsupptökugerðar og fái einnig nokkuð frjálsar hendur til að fá aðgang að aðstöðu og rýmum skólans til upptökugerðar. Hægt væri í samstarfi við markaðsnefnd skólans að fá styrki frá fyrirtækjum til þess að efla nemendafélagið. Hugmynd um að útbúa skemmtilegt intro eða trailer um til dæmis smíðanámið og aðrar námsbrautir. Allir nemendur í ákveðnum árgangi fara í til dæmis facebook grúppur eða allir nemendur í ákveðnum áföngum, jafnvel í öllum skólanum hafi aðgang í umræðuhóp þar sem opið er á allar umræður. Megin úrtakið er að auka kynningarmyndbönd í höndum nemenda. Auka þarf auglýsingu á öllum viðburðum í smíðjunni, hér er lítið sem ekkert auglýst miðað við aðalbyggingu.

Stofa 106

Jóhannes Arnar Ragnarsson

Mötuneytið

Minn hópur gerði helst athugasemdir við verðlagið. Þeir töldu að það væri skakkt að verðið í skólamötuneytinu væri allt að þrefalt hærra en í verslun Iceland (sem þó er kunn af okri).

Einnig var rætt um að hafa einhverja sjálfsala, hvar hægt væri að grípa sér snarl, fyrir þá sem ekki nenna að dvelja í mötuneytinu. Sú umræða leiddi af sér umræðu um hvort yfirbragð og aðstaða mötuneytisins þyrfti kannski að vera með öðru sniði. Mínir menn vildu meina að þeim þygi ekki freistandi að dvelja í þessum stóra sal. Þar mætti vera meira um „notalegri afdrep“ – hugsanlega að stúka salinn eitthvað niður. Þeir sögðust freistast til að borða á hlaupum, af því að það vanti meira af næðisafdreppum, sérstaklega í verknámsdeildum.

Stofa 203

Þórdís Ása Þórisdóttir

Mötuneyti

Ekki of dýran mat. Aðgang að áhöldum (hnífapörum, glösum og diskum). Grillið er ónýtt og annar örbylgjuofninn. (Það mætti ganga betur um grillið). Mundum vilja fjölbreyttari rétti, (ekki bara brauð með osti). Hafa aðgang að grænmeti og ávöxtum. Létta rétti sem hafa grænmeti og ávexti. Heimilismat (hollan og góðan). Að ef það er pasta og sósa þá borga fyrir pasta og sósu. En ekki það sama og fyrir stóra kjötmáltíð. Þ.e. borga það sem maturinn kostar ekki eitt verð. Ef það er raunhæft að hafa tvíréttað, að hafa líka vegan í boði með. Gæti verið sniðugt að taka í stuttan tíma (2-3 vikur) að gefa máltíð einkunn, til að sjá hvað er gott og hvað ekki.

Félagslíf.

Hafa viðburði í matsalnum í hádeginu. (annars vildi enginn hafa neina skoðun)

Stofa 34

Svava Ýr Baldvinsdóttir

Mötuneytið

Hafa sjálfsafgreiðslu fyrir hádegismat og hafa Vegan option, gluten frí. Option fyrir fólk með sér þarfir. Goðgæða matur og meira salt og betri elda. Fjölbreyttan mat (súpa, hrafragraut, kjöt, fiskur, vegan mat). Hafa minni kostnað i sjoppuni, ekki allir hafa efni á svona dýrum mat, hafa raunveruleg verð. Hafa nocco í skóla. Hafa 2 samloku grill. Hafa mat 5 sinnum í viku. Breyta hrafragraut í ávexti fyrir morgunmat. Hafa mismunandi samloku í ísskáp. Hafa sjálfssala fyrir kvöldnemendur og kennara.

Félagslíf

Þá er gaman að hafa ballið á föstudegi (þá er laugardagur) en ekki fimmtudag. Nemendur eru með skolan næsta dagur og voruð í ballið í gær. Hafa á klósetti dömubindi og turtappa í mismunandi stærðum. Hafa í hádegi kahoot eða food fight í matsal.

Stofa 312

Guðrún Guðmunda Gröndal

Mötuneytið

Er einhver að versla við mötuneytið? Í þessum hóp eru ekki margir sem fara reglulega í mötuneytið. Fyrir suma er það skortur á úrvalinu, á meðan öðrum finnst það vera örtröðin í matsalnum. Hægt væri að breyta því með betra flæði í matsalnum, ekki labba beint inn í röðina. Uppsetningin á salnum er ekki að falla vel að öllum, væri hægt að hafa mismunandi borð til að henta mismunandi nemendum. Mikið drasl frá mötuneytinu sem tekur pláss frá borðplássum við gluggann.

Væri hægt að velja um fleiri skammtastærðir? Sumir nemendur fá sér sjaldan mat því skammtarnir eru of stórir, þar væri því hægt að koma til móts við fleiri og minnka matarsóun.

Betri upplýsingar um hvað er í matinn, væri hægt að birta þær á skjánum eða í aðgengilegri formi, einnig betri upplýsingar um hvað það er að kosta, hvað þær innihalda og ca. næringargildi.

Hugmyndir af mat: Heimilismatur en ekki bara íslenskur heimilismatur, fjölbreytni nemenda og starfsfólks getur verið góður vinkill að blanda saman og tengjast yfir matarmenningu; réttir sem eru hollir og næringarríkir. Ekki finnst þeim vera þörf á að selja snakk og nammi, né orkudrykki. En þó væri gott að geta verslað gos og smá orku snarl inná milli.

Verðið er ekki nógu stöðugt, ekki neinar verðmerkingar á hlutunum.

Fleiri leiðir til að hita upp mat, fjölga örbylgjuofnum og grillum, góð leið til að sporna gegn matarsóun frá heimilunum.

Félagslífið

Félagslífið skrátið og gott. Nördanefndin er sú sem er að gera það hvað best, halda bíókvöld, spilakvöld og allskyns viðburði. Auka frelsi nefndanna, nemandastjórnin er kannski ekki að standa sig í því virkja nefndirnar. Öruglega væri betra ef það væri meira gegnsæi hjá nemendastjórninni, svo nemendurnir hefðu meira aðgengi að þeim með hugmyndir og framkvæmdir. Væri hægt að bjóða einingar fyrir nefndir eða nefndarstjóra sem eru að standa sig vel í verki?

Stofa 31

Karen Júlía Júlíusdóttir

Mötuneytið

Matur verði ódýrari, leggja áherslu á saltabar og boost bar. Hægt sé að fá mat án skinku vegna muslima, það er skinka í nær öllu. Heitur matur eins og Lasagna og sphagetti. Fleiri möguleikar á drykkjum og samlokum. Við viljum hafa orkudrykki. Sykur verði í boði með hafragrautnum. Niður skornir ávextir en skammtaðir af starfsfólki vegna hreinlætis.

Aðalatriði hreinlæti hjá starfsfólki mötuneytis, starfsfólk glaðlegt og í góðu skapi Tónlist verði spiluð í matsal, lágt spiluð og róleg. Mjög kósý.

Félagslífið

Eina sem kom þar var ball með MS og Versló og virðing!

Stofa 203

Gabriel Daði Gunnarsson

Mötuneyti

Nemendur voru allir sammála um að mötuneyti nemenda þyrfti að hafa sanngjarna verðlagningu, að það væri rekið sem þjónusta við nemendur skólans fremur en með gróða sem markmið. Þar að auki voru margir sem vildu meira val af hollum köldum möguleikum, salatbar, tilbúin salöt í ílátum eða súrdeigssamlokur (ekki hvítt brauð).

Annað sem hópurinn var einróma sammála um var að heitur matur, sem væri þá í boði á meðan hádegishlé stendur yfir, þyrfti að vera tilbúinn fyrir hádegishlé (11:30 – 11:45) til að minnka álag og biðraðir í matsal skólans.

Hvað varðar andrúmsloft mötuneytisins þá voru uppi hugmyndir um að spila tónlist í hléinu, þá tónlist í rólegri kantinum sem væri ekki hátt stillt, til að búa til þægilega stemmingu á meðan nemendur hittast og borða saman. Einnig var tillaga um að sýna myndbönd á stóra tjaldinu sem ættu ekki endilega að hrifsa athygli allra á svæðinu, heldur frekar að vera í bakgrunni án hljóðs sem gæti þá líka verið afþreying þeirra sem sitja einir. Þetta gætu verið náttúrulífsmyndbönd, „gönguferðir“ í stórborgum eða jafnvel gamlir Friends þættir.

Félagslíf

Því miður komu engar haldbærar hugmyndir eða athugasemdir um hvernig ætti að haga félagslífi skólans.

Stofa 207

Birgir Martin Barðason

Mötuneytið

Reyna að hafa tvær raðir í stað einnar, of löng röð núna, ódýrara en áður, hafa tilbúnar samlokur og vefjur, niðurskorna ávexti, selja kaffi og bakkelsi með, og orkudrykki, skyrdrykki og hleðslu, tilbúinn salatdiskur t.d. frá Salathúsinu, frekar ódýrt. Hafa einn heitan tilbúinn rétt á dag.

Félagslífið

Ekki vera með böllin í matsalnum, hafa viðburði í hádeginu t.d. pylsupartí eða borðspil. Nota salinn til að kynna nemendaráðið. Hjálpa fólki til að kynnst innan skólans, en ekki þvinga þá sem ekki vilja.

Sæludagar : Halda áfram að draga frá fjarvistarstig hjá þeim sem taka þátt, hafa myndlistarhóp þar sem er teiknað og málað undir leiðsögn og hafa heimavinnuhóp/námsver fyrir þau sem vilja .

Reyna að hafa útskriftarferð, þó það sé auðveldara í bekkjarkerfi.

Stofa 108

Bjarni Antonsson

Mötuneytið

Hafa nýjan góðan mat á hverjum degi. Hafa „venjulegan“ íslenskan mat í boði í hádeginu. Ekki hafa fisk of oft í matinn. Hafa hollar og góðar sósur með matnum en ekki pítsósu með öllum mat eins og hefur verið. Nemendur vilja hafa hráefni í samlokur sem þau geta gert sjálf því það er oft verið að bjóða upp á tilbúnar samlokur með sósum og sumir vilja ekki hafa sósur eða annað sem sett er á tilbúnar samlokur. Að lokum það mikilvægasta

að mati nemenda er maturinn sá á sanngjörnu verði þannig að hann ,sé ekki dýrari en út í búð eða sjoppu, að hægt sé að kaupa sér drykki á sanngörnu verði.

Félagslífið

Hafa klukkutíma hádegishlé gefur tíma fyrir skipulagt félagslíf í hádeginu. Þá væri hægt að hafa skipulagða atburði í hádeginu sem dregur nemendur saman. Það myndi gera það eftirsóknarvert og skemmtilegt að koma saman í matsalnum í hádeginu. Einnig myndi það styrkja sýnileika skólans út á við að það væri svo gaman í hádeginu í FB.

Einnig komu fram hugmyndir um að hafa kvikmyndakvöld í matsalnum og gístipartý samhliða því.

Vilji fyrir að vera með ýmsar upptökur og nefnt sem dæmi að fara í keilu, hafa bumbubolta íþróttamót, hafa feluleik í skólanum (ratleik) og brjóta upp kennslustundir með því að allir spili saman í hópunum

Stofa Grunnteikning Einar Magni Jónsso

Af þeim nemendum sem þátt tóku í umræðunni um mötuneyti skólans var áherslan á að hafa matinn sem minnst unnin, ódýran og hollan og í anda þess sem við í daglegu tali köllum heimilismat. Einnig var aðgengi að samlokum og kældum drykkjum rædd og þar fannst nemendum að hollusta mætti vera meiri í samlokum. Slagorðið, "hollusta fyrir okkur öll" er framlag okkar í stofu 26.

Stofa 251 Jakob Ævarsson

Heilsueflandi mötuneyti og félagslegur matsalur

Nemendur vilja hafa klakavél, hafa afþreyingu í gangi í salnum, þætti eða bíómyndir. Vilja lægra verð svo að þau þurfi ekki að fara út í búð. Hafa undantekningar á föstudögum með aðeins óhollari mat, svona „svindl dag“.

Online kosning um matseðil næstu viku. Hafa matarmiða sem hægt sé að sækja um sem séu meira niðurgreiddir sem efnaminni nemendur geta sótt um. Nemendur vilja hafa val til þess að borga fyrir matinn með vinnuframlagi í mötuneyti. Fiskarnir við innganginn þurfa mun stærri aðstæðu inn í matsal með stóru fiskabúri til að tryggja velferð þeirra.

Nemendur vilja getað pantað með fyrirvara í símanum og náð í matinn svo þegar hann er tilbúinn.

Nemendur vilja þægilegri stóla og fleiri sófa. Þarf að gera meira til að byggja upp félagslega stemningu. Finna leiðir til að minnka hávaða í matsal. Fá smá meira líf inn í salinn með skreytingum. Þeim langar að hafa keppnir og happdrætti til að vinna fríar máltíðir. Þeim langar líka að hafa gæludýradag. Vilja hafa arcade leiki og stórar plöntur. Hafa fána frá öllum löndum (og borgum) nemenda hangandi til að sýna að allir séu velkomnir. Þau vilja líka hafa „random facts“ gangandi um þessi lönd á skjá.

Félagslíf

Nemendur vilja blómlegt og aktívt félagslíf. Þeim langar að safnað sé saman í rafíþróttalið og það séu haldnar keppnir hérna í tölvuleikjum í mótuneytinu, með fríum mat sem verðlaun og „hall of fame“ vegg með myndum af sigurvegurum. Þau vilja meira klúbbastarf fyrir mismunandi áhugamál. Þeim langar að hafa keppnir á milli klúbba. Þeim langar líka að hafa keppnir að fordæmi bresku þáttanna „Taskmaster“.

Þeim langar að hafa „stöðvabraut“ eins og gert er í grunnskólum líka. Nemendafélagið þarf að vera mun virkara og sýnilegra. Hafa partýrútu sem við eigum og hangir hérna fyrir utan á bílastæðinu. Hafa „secret santa“ leik um jól. Þeim langar að hafa Nerf stríð á milli deilda. Tónlistarherbergi og stand- up nemenda í matsal.

Stofa 13

Anna Jóna Guðmundsdóttir

Mötuneyti

Gym friendly mat fyrir fólk með markmið. Fjölbreyttari mat. Hafa alltaf heitan mat í hádeginu og meiri afslátt ef þú kaupir matarmiðar. Lækka verð/ Hafa ódýrari mat, max 900 kr. Hafa ferskan mat ekki gler harðan. Búð með ódýrann tilbúinn mat. Hafa líka sósu á samlokum ekki bara svona þurrar. Mætti bæta meira mjólkurafurðum eins og hleðsla og skyr. Hreint fæði. Frítt kaffi. Hægt að fá sykur í kaffi. Sykur ætti að vera val fyrir hverja manneskju. Lækka verð á öllum drykkjum. Selja Næring + Nocco og Collab

Félagslíf

Hafa meiri hópavinnu. Meiri tengsl við kennaranna. Hafa umsjónatíma. Brjóta upp tímana kannski spila eða gera eitthvað saman sem er ekki endilega tengt námsefninu. meiri bekkjarstemming (samskipti með árgangnum). Kannski hafa 1 fyrirlestur á önn niðri í matsal. Samskipti og hittingar með útskriftahóp. Auglýsa betur nefndastörf.

Frank Sinatra ball með gramafónn (?) og bara fjölbreyttari möguleika á böllum.

Stofa Fab Lab Sigríður Ólafsdóttir

Mötuneyti

Ódýrt, meira úrval af t.d. samlokum/langlokur til að hita. Í Bónus er hægt að kaupa samloku og drykk á ca500 kr. Meiri stemming fyrir léttum mat t.d. skyr. Ekki þunga rétti. Hafa skyr-, gos- smuthy- skömmtunarvélar með sjálfsafgreiðslu. Búst tilbúið í kælinum, hafa klaka (vatnið oft ekki kalt). Smjörvél (Finnland) í skóla sem var heimsóttur í Turku í Finnlandi var frír matur í mötuneyti og þar var m.a. smjörskammtari alltaf mjúkt smjör ofan á brauðið. Hafa gott skipulag til að forðast raðir. Hafa að hluta til sjálfsafgreiðslu.

Borðauppröðunin mætti vera fjölbreyttari meira skipt upp í smærri einingar. Of mikið af langborðum.

Félagslíf

Of stuttur fyrirvari oft á viðburðum og þeir á skólatíma. Hafa skyldumæting á eitthvað. Taka burtu fjarvistarstig fyrir þáttöku í félagslífinu. Frír matur fyrir að taka þátt t.d. pizzur.

Halda utanum hvað virkar best og bjóða uppá það aftur.

Kennarar mættu hvetja og auglýsa meira það sem er í boði. Hafa kennarana með, keppa á móti kennurum t.d. í fótbolta, reipiti og, kókosbollar. Búbbubolta keppni. Skólinn þarf að hjálpa meira til, ekki bara í höndum nemendafélagsins.

Að hafa einingu fyrir að mæta x oft á eitthvað félagslíf.

Hafa umsjónartímana lengur og oftast til að mynda meiri tengsl. Einskonar bekkur. Stýra vali meira til að hópar haldist. Margir kynnast í gegnum tungumálaáfangana. Ekki hafa marga raungreina áfanga saman. Of margir áfangar í t.d. íslensku of margir miðað við að taka þetta á þremur árum. Ósamræmi í álagi á hverja einingu. Sumir 5 eininga áfangar miklu stærri en aðrir. Of mikið álag í lokaverkefnisáfanganum, byrjað á að stressa nemendur upp. Lítil tími fyrir félagslífið flétta það jafn vel meira inn í námið ?

Stofa 23 Lilja Benónýsdóttir

Mötuneyti

Halda hafragrautnum, og hafa mötuneytið svipað og það var. Bæta við samlokum sem nemendur geta keypt eða jafnvel sett saman sjálfir ef það væri hafður svona semi 'subway bar'. Einnig væri hugmynd að gera það að möguleika a kaupa áskrift að matnum þannig að ekki þurfi að borga í hvert skipti. Verðið skiptir miklu máli og mikilvægt að hafa þetta ódýrt en samt gott.

Félagslíf

Hægt væri að bæta við viðburðum rétt eftir skólann rúmlega 4-6, Bæta staðsetningu á aulýsingum fyrir viðburði, því stundum veit maður ekki hvað er í gangi. Mikilvægt er að byggja upp stemningu fyrir böllum og fleiru sem meiri fyrirvara.

Mötuneyti

Okkur finnst mötuneytið almennt mjög fínt. Það eina sem okkur finnst að mætti reyna að bæta er langa röðin sem myndast í matinn. Kannski hafa tvær raðir fyrir heitann mat og eina röð fyrir sölu.

Félagslíf

Mætti vera meira um að vera. Mætti vera meira um viðburði fyrir eldri nemendur. Okkur finnst að það þurfi að auglýsa hluti betur og gera fólk spennt fyrir fram fyrir t.d. böllum eða viðburðum.

Í öðrum skólum er oft eitthvað um að vera í matsalnum í hádeginu, sem væri gaman að skoða.

Núna eru t.d. bráðum Sæludagar og enginn af nemendunum í þessum hóp vita neitt um þá: hvað verður í boði, hvað verður hægt að gera eða hvenær þeir eru.

Og svo er bráðum árshátíð sem enginn nemandi í þessum hóp er spenntur fyrir því við vitum engar upplýsingar um hvenær eða hvernig hún verður.

Stofa 256

Gunnhildur Guðbjörnsdóttir

Mötuneyti

Við viljum betri aðstöðu í matsalnum og að maturinn verði heimilislegur. Okkur finnst að það ætti að vera áskrift svo að það fari ekki of mikill matur til spillis. Einnig væri gaman að hafa matsalinn notalegrí, t. d. með fallegum veggskreytingum.

Passa að verð sé ekki of hátt og fjölbreytt úrval af mat. Starfsfólk komi fram við nemendur af kurteisi og virðingu.

Félagslíf:

Við viljum hafa felagslíf sem er meira opið fyrir öllum. Stærri og betri viðburði með öðrum skólum sem hennta flestum. Hætta að hafa skólaböll í skólanum og hafa fleiri

viðburði á skólatíma. Einnig mætti bæta við notalegum svæðum sem nemendur gætu setið og fleiri skákborð.

Stofa 27

Auður Lorenzo

Félagslíf

Skemmtilegri viðburði t.d. keppnir á milli skóla (eins og MR-Versló), busadaginn skemmtilegri fyrir busa (bususn fyrir þá sem vilja), hafa fleiri staði í skólanum til að vera á t.d. fleiri sófar, poolborð, rennibraut annað svæði eins, Nemó fyrir alla nýta miðgarðinn í eitthvað skemmtilegt. Færa böllinn úr skólanum og vera í samstarfi með öðrum skólum.

Mötuneyti

Meira úrval og fjölbreyttara úrval af réttum og drykkjum (orkudrykkir, ís, sykraðir drykkir meira tilbúið sem hægt er að grípa með sér) Sanngjarnt verð, fleiri afgreiðslukassar og hafa opið lengur eða sjálfsali. Í mötuneytið vantar hraðsuðuketill og fleiri ruslatunnur.

Stofa 14

Hulda Hlín Ragnars

Mötuneyti

Fjölbreyttari mat þar sem lögð er áhersla á næringargildi einnig verður matartíminn að vera skipulagðari þannig að allt sé klár kl. 12 og mikilvægt að hafa röðina vel skipulagða. Verðið mætti vera lægra þannig að nemendur fara síður út í búð. Ávextir eiga að vera fríir ekki allir hafa efni á því að kaupa sér mat og halda áfram með hafragrautinn og hafa fjölbreytt meðlæti með honum. Mjög gott að hafa mismunandi skammtastærðir á hafragrautnum t.d. 2 mismunandi skálastærðir. Það má einnig endurskoða borðauppröðunina inn í matsal, þröngt að labba á milli. Eitthvað þarf að gera til að halda matsalnum hreinni og hafa einhvern til að fylgjast með.

Vatnsdrykkja er mjög mikilvæg og að hafa góða vatnsvél er því mikilvægt, gott ef vélin gefur klaka, vatn og sódavatn. Mikilvægt að viðhaldið á vélinni sé gott og einnig mikilvægt að hafa hrein glös og vel merkt hvar þau eru. Meiri afsláttur ef maður kaupir 10 miða kort eða getur keypt áskrift með skólagjöldum, einnig mikilvægt að geta keypt stóran eða lítinn skammt af mat. Duglegra að fylla á kæla og passa dagsetningar á matnum sem er þar.

Félagslíf

Þegar það eru viðburðir í skólanum þá sé reynt að fá alla til að taka þátt líka bara með að horfa, ekki fá fjarvistir þegar það er t.d. körfuboltamót og þig langar að horfa á vinkonu þína spila. Hafa viðburði á vegum skólans á skólatíma. Mikilvægt að nemendur sjálfir geti skráð ef þeir fara á viðburði. Þegar það vorar þá væri geggjað ef allur skólinn myndi gera eitthvað þegar það gott veður. Vantar að kynna nefndir og félagslífið betur á hverri önn, ekki allir sem fylgast með á insta. Hafa kynningar inn í stofum markvissari og skipulagðari t.d. nefndir vera með pizzuveislur í matsal og kynna sitt. Vantar fleiri nefndir fyrir nemendur.

Stofa 107

Hjörvar Ingi Haraldsson

Mötuneyti

Við teljum að helsta áherslan í matsalnum þarf að vera samkeppnishæft verð og meiri gæði í matnum.

Núna er maturinn oft gamall sem er verið að kaupa, gamlar samlokur, gamlir pastabakkar o.s.frv. Og þetta þrátt fyrir að vera dýr. Þetta er eitthvað sem þyrfti að breyta til þess að fá nemendur til þess að nota matsöluna meira. Það væri gaman að fá inn meira úrval í kaffið, bakkelsi, ferska ávexti og pítsadaga einnig en má það ekki hafa áhrif að kostnaðurinn í matsölunni verði of mikill.

Við komum með nokkrar hugmyndir hvernig er hægt að halda kostnaði niðri án þess að hafa neikvæð áhrif á matsalinn. Til dæmis hvort það sé möguleiki að skoða matseðilinn með fyrirvara og panta sér hádegismat, það þýðir að hægt sé að sjá fyrir fram sirka magnið sem þarf að kaupa inn fyrir matinn. Það er hægt að takmarka opnun matsölurnar og jafnvel nýta útskrifar hópa sem starfsmenn til að halda launakostnaði niðri. Ráða áhugasaman kokk, þó það væri kannski dýrt að þá gæti hann kunnað að halda niðri kostnaði með nýtingu á hráefni. Svo mætti athuga með að gera samning við kaffifyrirtæki um einhverja sjálfsala fyrir kaffið þar sem kaffið hefur ekki verið gott og ekkert úrval.

En sama hvað á að gera, þá þarf verð og gæði að vera leiðin sem er farin.

Stofa 115

Sigursteinn Sigurðsson

Mötuneyti

Hafa salatbar aðgengilegan allan daginn og þurfa ekki að borga fyrir salat/grænmeti/ávexti. Lækka verð á mat og drykk. Hafa meira bakkelsi og álegg. Kakó. Hraðsuðuketill fyrir núðlur, te, kaffi. Hafa sjálfsala. Hafa lægra verð á matarkorti svo

maður græði á því að kaupa það. Auðvelda aðgang af kaffi, ekki þurfa að vera í röð. Stærri skammtar af mat. Ferskari matur.

Félagslíf

Lankvöld. Kaupa betri stóla því við verðum þreytt í stólunum sem eru í rafmagnsdeildinni. Betri stóla minni þreyta = orka til að stund félagslífið. Útskriftaferð. Sér félagslíf fyrir deildir skólans.

Stofa 309

Soffía Margrét Magnúsdóttir

Mötuneyti

Hafa heitan mat og salatbar í hádeginu sem er alltaf tilbúinn kl.11.30 og er til 13.00. Á föstudögum má bregða út af vananum. Smurt daglega brauð; rúnstykki. langlokur, samlokur. Það væri hægt að virkja nemendur í að taka þátt. Mætti vera einingar fyrir eða matur í mötuneytinu í staðinn. Verðið væri undir 1000 kr. fyrir heita máltíð. Ef nemendur kaupa klippi kort þá fengi það afslátt, heita máltíðin á 500 kr. Halda í fasta síði t.d. jóla mat, sprengidag og bolludag. Eftir kl.15.00 væri hægt að kaupa smurða brauðið á 50% afslætti svo sem minnst fari í ruslið.

Stofa 253

Sigurður Fjalar Jónsson

Mötuneyti

Við viljum að mötuneytið bjóði upp á góðan, ódýran mat og ekki bara einn valkost heldur fleiri. Við viljum líka stytta biðtíman eftir mat, það er óþolandi að eyða löngum tíma í röð í matsalnum. Við viljum líka meiri kaffihúsastemningu og betri stóla. Í dag er matsalurinn eins og risastór skólastofa.

Félagslífið er í lagi.

Stofa 204

Haukur P. Benediktsson

Mötuneyti

Verð af mati hækkar of mikið á stuttum tíma. Enginn kokkur hjá kennurunum. Hafa þætti eða mynd í mötuneyti. Fá fleiri sófa í mötuneyti. Hafa meira kaffi. Hægt að draga niður ef það er of mikil sól. Meira úr val af mat. Hafa lengri matartíma

Íþróttahús
Ágúst Sigurður Björgvinsson

Mættir voru 17 nemendur, tveir kennaranemar og kennari. Nemendur töluðu saman í tveggja til þriggja manna hópum, byrjuðu að ræða draumsýn á mötuneyti og svo félagslífi skólans. Svo ræddi allur hópurinn saman.

Mötuneyti

Allir hópar töluðu um verða á mat og drykkjum væri alltof hátt og færu frekar út í búð til að kaupa sér að drekka og borða, eða kæmu með nesti að heima. Því voru allir nemendur á því að lækka þyrfti verðið á mat og drykk. Vildu fá máltíð á 500- kr. Betri aðstöðu til að hita upp mat eins og Air-frier.

Félagslíf

Þegar rætt var um félagslíf sagði mikil meiri hluti ekki taka þátt í félagslífi. Ég skipti þá út spurningu og spurði hvað þyrfti að gerast í félagslífi svo þú / þið myndu frekar taka þátt. Nefnt var á það vera með einhverskonar viðburði einu sinni í viku í matsal, t.d bekkpressu keppni, o.fl. Bæta þyrfti aðstöðu til að geta hist í skólanum. Bæta aðstöðu fyrir nemendur í skólanum, aðstöðu þar sem Pool-borð væri, þytt-hokky, borðtennis, leikjatölva.

Einn nemandi kom inn á að virkja þyrfti nýnema meira í að taka þátt í nefndum. Þjappa saman brautum t.d með því að vera með sér viðburði fyrir hverja braut fyrir sig.

Stofa 104
Friðrik Sólmes Jónsson og Bergvin Snær Andrússon

Mötuneyti

Nemendur nefndu fjölbreyttari mat og lengri opnunartíma, það mætti til dæmis bera fram hádegismat fyrr til að dreifa álagi og hafa salatbar. Nemendur voru ánægðir með að fá morgunmat en sögðu að það þyrfti að hressa aðeins upp á hafragrautinn á morgnana, gera hann lystugri og bjóða t.d. upp á kanilsykur með. Eins mætti auka framboð á morgunmat, bjóða til dæmis upp á músli, jógúrt, ávexti o.s.frv.

Nemendur nefndu að það ætti að endurskoða verðlagningu á hádegismat með fjárhag nemenda í huga. Verð á hádegismat hefur að margra mati verið sambærilegt eða hærra en hádegismatur í mötuneytum fyrir fullorðið vinnandi fólk, og margir kjósa þá frekar að kaupa mat, samlokur og annað, í kjörbúðum í hverfinu. Afsláttar- eða klippikort voru líka nefnd í þessu samhengi

Nemendur voru sammála um að það mætti bæta aðstöðu fyrir nemendur sem koma með mat að heiman; bjóða upp á heitt vatn fyrir núðlur og te, fjölga örbylgjuofnum,

vatnstönkum, og þess háttar. Að lokum nefndu nemendur að það mætti bæta framboð af drykkjum og sætindum.

Félagslíf

Í stuttu máli þá snerust tillögur nemenda helst um tvö atriði, annarsvegar hvernig mætti nýta rými skólans betur, og hins vegar hvernig mætti kynna betur félagslíf fyrir nemendum. Hvað varðar rýmin þá töluðu nemendur um að það mætti nýta matsalinn betur, hafa jafnvel hópleiki í hádeginu, og koma þar upp betri aðstöðu fyrir samveru og almennt hangs. Varðandi önnur rými þá stungu nemendur upp á að koma fyrir sófum, pool-borðum og fótboltaspilum á opnum svæðum. Nemendur töluðu líka um að það væri skemmtilegra að hafa böll og kvöldskemmtanir annarstaðar en í skólanum, en í því samhengi var nefnt að það væri gaman að bæta ball-menningu almennt; hafa þemadaga og þemapartí.

Varðandi kynningarstarf þá stungu nemendur upp á að gefa út fréttabréf svo þau geti fylgst betur með því sem er að gerast, og kæmi þá í staðinn fyrir mikið magn tölvupósta sem nemendur kvarta yfir. Eins mætti halda kynningu á félagslífi snemma á önninni og nýta betur rými fyrir framan matsal til að kynna ýmislegt félagsstarf. Að lokum var nefnt að það þyrfti að koma betur til móts við eldri nemendur í félagsstarfi svo og halda matreiðslunámskeið í skólanum.

Íslenska sem annað mál Sigurlín Bjarney Gísladóttir

Nemendur unnu í 2 hópum. Þau settu hugmyndir á blað og kennarinn vann upp úr þeim samfelldan texta.

Mötuneyti

Taka þarf tillit til þess að margir borða ekki svínakjöt og þess vegna þarf að hafa annan valkost þegar svínakjöt er í matinn. Það mætti baka köku eða annað slíkt einu sinni í viku. Það þarf að vera betra skipulag þegar maturinn er afgreiddur eða borinn fram. Litlu hlutirnir eins og kleinhringir, samlokur og drykkir eru of dýr. Þetta væri gott að fá: franskar, kjúklingaborgara, grænmeti/sallat, pizzur, hamborgara, tequeno, skinkubrauð, beyglur, betri samlokur, shawarma, pylsur, kjúklinga- eða grænmetispylsur, snakk og sætindi. Einn dag (á önn) væri hægt að hafa ókeypis í mötuneytinu, kannski bara til að fá ávexti, grænmeti eða safa.

Félagslíf

Gott væri að hafa ljósmynda-, tennis- og fótboltaklúbb. Líka klúbb fyrir tölvuleikjaspilara (Ps4-Ps5). Skólablað FB. Einn dag í viku væri hægt að sýna bíómynd í skólanum og gerðar kannanir áður til að velja myndina. Erlendir nemar vilja spjalla meira við Íslendinga til að læra málið. Einu sinni í viku væri hægt að tala bara íslensku við Íslendinga (nemendur og

kennara) til að æfa betur tungumálið. Fara út fyrir skólann til að skemmta sér einu sinni í mánuði. Fara í fleiri dagsferðir til að skoða Reykjavík og nágrenni (Selfoss o.fl.) með skólanum, jafnvel heimsækja aðra skóla. Fara í Bláa lónið í sumar. Nemendur vilja stofu til að biðja. Slæðustelpur vilja sér tíma í sundi.

Stofa 302

Guðrún Pétursdóttir

Mötuneyti

Stilla verði í hof á mat og drykk, eins og er er ódýrara fyrir okkur að versla á bensínstöðvum sem eru ekki þekktar fyrir að vera ódýrar. Hugmyndir: „Over the counter“ salat bar; Samlokur með matgóðu áleggi, ekki bara skinku og osti; Ekki láta nemendur borga fyrir heitt vatn; Halda áfram að vera með grænkeru valmöguleika.

Félagslíf

Það mætti vera nefnd innan snyrtibrautarinnar til að halda utan um félagslífið. Félagslíf okkar er frekar einangrað þar sem við upplifum okkur sem „skóli innan skóla“. Það gætu verið 1-2 nemendur af hverri önn í nefndinni sem sæju um að halda utan um félagslífið og skipuleggja eitthvað skemmtilegt til að gera.

Stofa 903 / Smiðja

Sara Brekkan / Gylfi Þór Gylfason

Mötuneyti

Mötuneyti sem býður upp á góða næringu og stenst næringarkröfur. Mikilvægt að það sé val um heitann mat og salatbar. Einnig ef hafragrautur væri í boði í fyrrakaffinu. Hugmynd af verði, frítt eða 950. Voru aðallega að óska eftir að það væri matur í boði í smiðjunni. Mjók og djús í boði. Þau tala um að þau í smiðjunni séu útundan þegar eitthvað er um að vera eins og um daginn þegar heilsuvikan var. Frjálsann aðgang að soðnu vatni í matsal. Hnífapör fyrir nemendur. Matseðil með nokkra rétti sem geta pantað daginn áður eða fyllt út vikuna, það mun auðvelda þeim sem reka eldhúsið að áætla magn og kemur í veg fyrir matar sóun, eining hægt að senda mat út í smiðju í bakka formi.

Félagslíf

Nemendur smiðjunar töluðu um að þau upplifðu sig útundan í félagslífi. Þá helst að það væru ekki viðburðir sem næðu til þeirra. Hugmyndirnar voru. Auglýsingaskjór fyrir viðburði og annað innlegg. Sófar út um allt. Íþróttamót/fótboltamót milli deilda. Skíðaferð til akureyrar. Vera með þemu til dæmis litapema oftast eða taco Tuesday. Til að verða sýnilegri má meðal annars virkja instagram betur, stofna tiktok. Vera með FB-deildina (fótbolti).